

Norðurþing  
Stjórnsýsluhús  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Neskaupstaður, 12. september 2022  
Tilvísun: 2203095

## Efni: Beiðni um umsögn vegna fiskeldis Rifós hf að Röndinni á Kópaskeri

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Rifós hf. vegna landeldis að Röndinni á Kópaskeri. Sótt er um 2.700 tonna hámarkslífmassa á ári af laxi til seiðaeldis. Gert er ráð fyrir að framleiða allt að 8.800 tonn af laxaseiðum. Fyrirtækið hefur leyfi fyrir 400 tonna hámarkslífmassa á ári af laxi til seiðaeldis, við útgáfu á nýju leyfi mun eldra leyfi falla úr gildi. Afrennsli stöðvarinnar fer í gegnum tromlusíu og þaðan í frárennislögn og stökk allt að 5 metra út fyrir stórstraumsfjöru í Öxarfjörð.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Norðurþings vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í tilkynningu sem barst Skipulagsstofnun í mars árið 2022 og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Umsögn óskast send Matvælastofnun fyrir 3. október 2022 og einnig á tölvupóstfang: [andri@mast.is](mailto:andri@mast.is). Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar



Andri Snær Þorsteinsson  
Sérfræðingur fiskeldisdeildar

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Matsskýrsla
2. Fylgiskjal 2: Álit Skipulagsstofnunar